


Niðurstöður læsisskimana í skólum Akureyrar 2006–2012

Í tilefni fréttu um dalandi lestrarfærni Reykvískra barna í 2. bekk höfum við á Miðstöð skólaþróunar HA tekið saman tölur úr læsisprófum sem lögð hafa verið fyrir í Akureyrarskólunum undanfarin átta ár.

Niðurstöður fyrir 1. bekk:

Í fyrsta bekk eru lögð fyrir þrjú læsispróf, *Læsi I, II og III*. Á mynd 1 má sjá niðurstöður úr *Læsi III* sem lagt er fyrir 1. bekk að vori. Almenn viðmið um viðunandi árangur er 61% og þar yfir. Nemendur sem eru undir þeim árangri þurfa á að halda öflugum leiðsagnarmati og kennslu, ekki síst þeir sem raðast í neðsta hópinn, þ.e. ná undir 30% árangri. Það er ánægjulegt að sjá að nemendum í þessu neðsta hæfniprepi hefur fækkað síðustu ár. Að öðru leyti virðast árangurstölur nokkuð stöðugar milli ára og náðu um 77% nemenda viðeigandi árangri á síðastliðnu skólaári.




Mynd 1. Niðurstöður úr *Læsi III* sem lagt er fyrir að vori í 1. bekk.

Niðurstöður fyrir 2. bekk

Í öðrum bekk hafa verið lögð fyrir þrjú skimunarpróf á hverjum vetri. *Læsi I og II og Lesmál, mat á lestri og réttritun*. Á mynd 2 má sjá frammistöðu nemenda á Akureyri á prófinu *Læsi II* sem lagt er fyrir í febrúar (það er sama próf og var til umræðu í fréttunum fyrir helgi í Reykjavík – en í Reykjavík er prófið lagt fyrir í apríl. Þar var efsti þriðjungur miðað við þá sem skorðuðu 65% og hærra. Hér eru mörkin hins vegar lægri (61–100%). En prófið hefur líka verið lagt fyrir u.þ.b. tveimur mánuðum fyrr en í Reykjavík.


Árangur nemenda á Akureyri hefur stigið aðeins upp á við frá því mælingar hófust 2006 og hefur haldist stöðugur undanfarin fjögur ár. Einnig er ánægjulegt er að sjá hvernig sá hópur sem nær undir 30% hefur minnkað.



Mynd 2. Niðurstöður úr Læsi II sem lagt er fyrir 2. bekk í febrúar ár hvert.

Í Akureyrarskólunum hefur einnig verið lagt fyrir þriðja prófið að vori, *Lesmál* eftir Rósu Eggertsdóttur og Sigurgrím Skúlason próffræðing og deildarstjóra í Námsmatsstofn (sá fyrirlagnartími er sambærilegur við Reykjavík en prófið þyngra).

Lesmál var í þróun frá 2005–2009 og gefið út vorið 2011. Líkt og á Læsi II hefur árangur nemenda á Akureyri verið stöðugur undanfarin fjögur ár, og ánægjulegt er að sjá hvernig sá hópur sem fellur í slakasta hópinn minnkar frá ári til árs.



Mynd 3. Niðurstöður úr Lesmáli sem lagt er fyrir 2. bekk í apríl ár hvert.